

Ferð um Rangárvallasýslu.

5. - 7. okt. 1949.

Miðvikudagurinn 5. okt. Reykjavík - Hvammur á Landi.

Vatnssýnishorn tekið hjá NEFSHOLTI. Þar hefir verið borað fyrir heitu vatni og það leitt í sankomuhúsið að Laugalandi. Vatnshiti Max 37,8° C.

Hjá HVAMMI Á LANDI fannst ekkert rennandi volgt vatn, en hiti er þar í hrauninu í heiðinni hjá svonefndubaðhúsi, sem er um 1000 - 1500 m. frá bæjarhúsum.

Í þeim sprungum í hrauninu, sem hitinn var mestur, reyndist hann vera 26°C, 26°C og 30°C.

Fimmtudagur 6. okt. Hvammur - Bykkvibær.

VINDÁSCLAUGAR eru á merkjum Vindáss og Flagbjarnarholts. Laugarnar eru við Þjórsá, og flæðir hún yfir þar, þegar vöxtur er í henni. En köld uppspretta rennur meðfram því barði, sem laugarnar koma undan. Þessi kalda uppspretta rennur stöðugt inn í laugarnar. Vatnssýnishorn tekið í Flagbjarnarholtslandi. Maxhiti þar 55,8°C. Í Vindáslandi sýndi ein heit uppspretta maxhita 57,3°C, en vatnssýnishorn var ekki gjörlegt að taka, þar sem hér var aðeins um ólgu að ræða upp í gegnum lausan sand, sem framangreidd köld uppspretta rann yfir.

SKAMMBEINSSTAPALAUGAR eru rétt við tón-fótinn að Hjallanesi, svo að fljótlegra er að fara heim að þeim bæ, þá vatnssýnishorn er tekið og athugun gjörð.

Vatnssýnishorn tekið. Maxhiti 47,0°C.

Föstudagur 7. okt. Bykkviber - Reykjavík.

Hiti mældur í 91 m borholu Ólafs Jóhannessonar, bormanns í Hveragerði.

Borar höfðu verið fjarlægðir holuna, og hún staðilð óhreyfð í 17 klst., þegar eftirfarandi athugun var gerð.

Athugun fór fram um kl. 8, þá var logn og hiti $+ 1^{\circ}\text{C}$.

Frá yfirborði jarðar að vatnsyfirborði í holunni eru 4 m., en utan við holuna er það 3,4 m.

Maximummælar voru örugglega festir í línu þeirri, er rennt var niður, og sökum hins lága lofthita var hægt að slá þá langt niður.

Mælt frá yfirborði jarðar.

4 m	6,0 $^{\circ}\text{C}$ hiti.
11 -	6,0 - -
31 -	7,9 + -
51 -	10,0 - -
71 -	11,3 - -
91 -	13,5 - - og 13,6 $^{\circ}$

Vatn í brunninum umhverfis borholuna var $4,8^{\circ}\text{C}$, en í dælu-brunninum (8-10 m. frá) var hitastigið $4,2^{\circ}\text{C}$.

Vatnssýnishorn tekið að HÁRLAUGSSTÖÐUM. Maxhiti $24,5^{\circ}\text{C}$. Þegar sú laug er athuguð, er fljótlegast að fara heim að bænum Áshól, því að volga sytran er þar rétt hjá, norðan Steinslaks.

Vatnssýnishorn tekið að ÞJÓRSRTÚNI í "sundlauginni". Maxhiti $26,5^{\circ}\text{C}$.

Hjá LJÓSAFOSS var mældur botnhiti í 55 m djúpri holu í tungunni, hjá rafstöðinni reyndist hann vera $10,4^{\circ}\text{C}$. Mælt var með tveim maxm.

Auk þess, sem að framan greinir, voru tekin vatnssýnishorn og hiti mældur í eftirtöldum vatnsföllum: ÞJÓRSÁ hiti 5. okt. $4,7^{\circ}\text{C}$ og 7. okt. $3,8^{\circ}\text{C}$. SKARFSLEKUR 6. okt. $4,6^{\circ}\text{C}$. YTRI-RANGÁ 7. okt. $3,6^{\circ}\text{C}$. ÖLFUSÁ 7. okt. $5,0^{\circ}\text{C}$, SOGII 7. okt. $7,1^{\circ}\text{C}$.

Sigurjón Rist